



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.5.2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, 433. mál.

Lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 tóku gildi 1. janúar 2001. Í 22. gr. laganna kemur fram að endurskoða skuli löginn innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Sú endurskoðun hefur enn ekki farið fram og er löngu tímabær.

Eins og fram kemur í skýringartexta var frumvarpið unnið í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sem taka á móti umsóknum um bætur, meta umfang tjóns og ákveða fjárhæð bóta samkvæmt lögnum. SÍ fá til meðferðar nálægt 150 nýjar umsóknir um bætur úr sjúklingatryggingu á hverju ári. Um er að ræða umsóknir einstaklinga um bætur vegna líkamlegs eða geðræns tjóns sem þeir rekja til læknismeðferða og –rannsókna. Samkvæmt lögnum er SÍ falið að taka stjórnsluákvæðanir vegna mála sem koma upp í tengslum við heilbrigðisþjónustu sem rekin er af ríkinu, en öðrum málum skal beint til váttryggingafélaga. SÍ sjá um nauðsynlega gagnaöflun í þessum málum og taka að því loknu ákvörðun um bótaskyldu og bótafjárhæð samkvæmt reiknireglum skaðabótalaga nr. 50/1993.

Frumvarpinu er ætlað að taka á helstu atriðum sem þörf er á að lagfæra í lögum um sjúklingatryggingu og varða fyrst og fremst málsmeðferð hjá SÍ. Samkvæmt því sem fram kemur í skýringartexta við frumvarpið liggur fyrir að ráðast í heildarendurskoðun laganna á næstu misserum. Af hálfu SÍ er tekið undir að rétt er að ráðast í heildarendurskoðun laganna sem fyrst. Þau atriði sem fram eru komin í því frumvarpi sem nú er til skoðunar varða starfsemi SÍ og er hluti þeirra að mati SÍ þess eðlis að þeim þarf að ljúka fljótt.

Af hálfu SÍ er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í skýringartexta frumvarpsins og ekki er ástæða til endurtekningar. Af hálfu stofnunarinnar er þó talið rétt að bæta við þær upplýsingar sem er að finna í skýringum við 5. gr. frumvarpsins.

Með 5. gr. frumvarpsins er lagt til að mál sem beint hefur verið til SÍ verði ekki borin undir dómstóla fyrr en stofnunin hefur tekið afstöðu til bótaskyldu, metið umfang tjóns og ákveðið fjárhæð bóta. Í skýringartexta kemur fram að færst hafi í aukana að mál vegna sjúklingatryggingar séu sótt fyrir dómstólum áður en stofnuninni hefur gefist ráðrúm til að ljúka ákvörðun í málinu. Er það í kjölfar nýlegs dóms Hæstaréttar



Sjúkratryggingar
Íslands

þar sem niðurstaðan var sú að núgildandi ákvæði 15. gr. laganna kæmi ekki í veg fyrir þetta.

SÍ er með lögum falið að taka stjórnsluákvörðun vegna umsókna um bætur úr sjúklingatryggingu. Að baki ákvörðunum í málaflokknum liggur vinna fagteymis SÍ sem skipað er lögfræðingum og læknum stofnunarinnar. Þegar máli er stefnt fyrir dómstóla áður en SÍ hafa lokið ákvörðun er staðan sú að stofnunin þarf að taka til varna og er málið eftir það rekið fyrir dómstólum. Þar með getur stofnunin ekki lengur sinnt því lögbundna hlutverki sínu að rannsaka mál og ljúka ákvörðunum með reglur stjórnsluréttar að leiðarljósi, mat á atvikum fer frá SÍ til dómstóla.

Þegar stjórnvaldi er falið jafnsérhæft verkefni og ákvörðun um bótaskyldu og bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skýtur það, að mati SÍ, skökku við að stofnunin sé í þeirri stöðu að þurfa að grípa til varna fyrir dómstólum áður en málið hefur verið rannsakað og ákvörðun í málinu hefur verið lokið. Auk þess sem að framan greinir, að lögbundið hlutverk SÍ sé fyrir borð borið, fylgir þessari framkvæmd mikið óhagræði; aukin vinna fyrir starfsfólk SÍ og aukinn samfélagslegur kostnaður sem fylgir málarekstri fyrir dómstólum (kostnaður dómstóla og aukið álag og kostnaður SÍ vegna þjónustu lögmannna svo eitthvað sé nefnt).

Sjúkratryggingar Íslands veita gjarna allar frekari upplýsingar sem velferðarnefnd Alþingis kann að óska.

Virðingarfyllst,

Berglind Ýr Karlsdóttir
deildarstjóri
Tryggingasvið Sjúkratrygginga Íslands